

110. fundur Menningar- og safnanefndar, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, miðvikudaginn 7. september 2022 og hófst hann kl. 17:00.

Fundinn sátu:

Guðríður Sigurjónsdóttir formaður, Ella María Gunnarsdóttir varaformaður, Einar Örn Guðnason aðalmaður, Martha Lind Róbertsdóttir aðalmaður, Jóhannes Geir Guðnason aðalmaður og Sigrún Ágústa Helgudóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Sigrún Ágústa Helgudóttur, Verkefnastjóri.

Fyrir tekið:

1. 2207051 - Menningar- og safnanefnd - 80 ára afmæli Akraneskaupstaðar

Ólafur Páll Gunnarsson situr fundinn undir þessum lið.

Listaverk vegna 80 ára afmælis Akraneskaupstaðar og framgangur mála rædd.

Til stendur að vígja listaverkin á Vökudögum 2022.

Nefndin lýsir yfir ánægju með framgang verkefnisins og þeirri bæjarprýði sem það færir íbúum.

Ólafur Páll vísar af fundi.

2. 2202101 - Viðburðir 2022

Staða og uppgjör á viðburðum sumarsins.

Máli frestað til næsta fundar.

3. 2208173 - Myndlistarsýningar á Vökudögum 2022 - umsókn um styrk

Beiðni um styrk vegna myndlistasýningar á vökudögum

Menningar- og safnanefnd samþykkir að styrkja samsýningu rúmlega þrjátíu listamanna búsetta á Akranesi á Vökudögum að fjárhæð 200.000 kr.

Samþykkt 5:0

4. 2209009 - Vökudagar 2022

Dagskrá og umgjörð Vökudaga.

Kynning á undirbúningi Vökudaga 2022 lögð fram.

Menningar- og safnanefnd leggur áherslu á aukna stafræna markaðssetningu í kringum hátíðina með því markmiði að ná til breiðari markhóps.

Íbúar eru hvattir til þess að taka virkan þátt í dagskrá Vökudaga.

5. 2209010 - Menningarverðlaun Akraness 2022

Lagt til að opnað verði fyrir tilnefningar á menningarverðlaunum Akraness 2022.

Verkefnastjóra falin frekari úrvinsla málsins.

6. 2209013 - Byggðasafn - opnunartími

Tillaga um opnun Byggðasafnsins yfir vetrartímann.

Menningar- og safnanefnd leggur til að opið verði á Byggðasafninu í Görðum allt árið um kring.

Eftir sem áður er opið fyrir hópabókanir utan opnunartíma eftir samkomulagi yfir vetrartímann.

Málinu vísað til bæjarráðs.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:00.